

Á heimasíðu Vinnueftirlitsins,
www.vinnueftirlit.is, má finna lög og reglur
sem stofnunin starfar eftir auk annars
fróðleiks um vinnuverndarmál.

Umdæmisskrifstofur Vinnueftirlitsins:

Reykjavík, Bíldshöfði 16, ☎ 5504600

Akranes, Stilliholt 18, ☎ 4312670

Ísafjörður, Árnagata 2 - 4, ☎ 4503080

Sauðárkrókur, Faxatorg 1, ☎ 4556015

Akureyri, Skipagata 14, ☎ 4606800

Egilsstaðir, Kaupvangur 6, ☎ 4711636

Hveragerði, Sunnumörk 2, ☎ 4834660

Reykjanesbær, Grófin 17a, ☎ 4211002



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík ☎ 550 4600
vinnueftirlit@ver.is - www.vinnueftirlit.is

ISBN-10 9979-863-33-1
ISBN-13 978-9979-863-33-5

hönnun agunn



Vinnuvernd á Íslandi

Leiðbeiningar fyrir erlenda starfsmenn



Vinnueftirlitið

Á íslenskum vinnustöðum gilda lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980) sem í daglegu tali kallast vinnuverndarlögin. Þau gilda um alla vinnustaði í landi þar sem vinna einn eða fleiri.

Sérstakri stofnun, Vinnueftirlitinu, er falið að vinna að framkvæmd vinnuverndarlaganna og reglna/reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Allir geta leitað til Vinnueftirlitsins og eru starfsmenn þess bundnir þagnarskyldu vegna ábendinga um það sem miður fer á vinnustað. Helstu verkefni stofnunarinnar eru:

- Eftirlit á vinnustöðum
- Leiðbeiningar, fræðslu- og útgáfustarf
- Mælingar á hávaða, mengun, loftræstingu og fleiru
- Prófanir á vélum, tækjabúnaði og farandvinnuvélum
- Rannsóknir
- Umsagnir um nýtt og breytt atvinnuhúsnæði

Um skyldur og ábyrgð

Yfirmaður ber ábyrgð á að vinna sé framkvæmd þannig að lögum og reglum um vinnuvernd sé fylgt og að ekki skapist hættu á slysum eða heilsutjóni. Sem dæmi á hann að sjá til þess að starfsmannarými (kaffistofur, snyrtiherbergi o.fl.) séu í lagi, að vélar og efni séu notuð eins og reglur segja til um og farið sé eftir ákvæðum um hvíldartíma. Hann skal því tryggja að öryggi, hollustuhættir og aðbúnaður sé fullnægjandi, þar með talinn félagslegur aðbúnaður. Einnig að gera starfsmönnum grein fyrir slysa- og sjúkdómahættu sem kann að fylgja starfinu og sjá um að allir starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín



á hættulausan hátt, t.d. við notkun véla, verkfæra og hættulegra efna.

Yfirmaður á að sjá um að:

- Lögum og reglugerðum sé fylgt
- Skipulag á vinnustaðnum sé gott
- Afstýra hættu á slysum og heilsutjóni
- Starfsmenn fái kennslu og þjálfun
- Búnaður sé góður

Starfsmaður á að fylgja öllum öryggisreglum, t.d. um notkun véla, efna, persónuhlífa og um vinnuaðferðir. Þú þarft því að þekkja reglur sem gilda um vinnustað þinn.

Ef þú tekur eftir einhverju sem er í ólagi og getur stefnt öryggi þínu eða annarra starfsmanna í hættu þá ber þér skylda til að láta yfirmann eða öryggistrúnaðarmann vita svo hægt sé að bæta úr því.

Starfsmaður þarf að :

- Þekkja reglur
- Fylgja reglunum eftir
- Láta vita ef einhverju er ábótavant

Notkun persónuhlífa

Persónuhlífar eru t.d. öryggishjálmar, heyrnarhlífar, öryggisskór, öryggisbelti, öndunargrímur, endurskinsfatnaður og hlífðarfatnaður gegn veðri. Starfsmenn eiga að nota persónuhlífar þegar ekki er hægt að komast hjá áhættu eða takmarka hana nægilega með almennum varúðarráðstöfunum eða með annarri vinnutilhögun. Atvinnurekandi á að útvega starfsmönnum persónuhlífar þeim að kostnaðarlausu og upplýsa þá um hættuna sem hlífunum er ætlað að vernda þá gegn.